

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011	Uppeldisaðstæður - verkefnaáfangi (UPP 303) Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Nafn kennara:	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.stöfun:	HRS
----------------------	---------------------------------	-------------------	-----

Áfangalýsing

Kynntar verða helstu rannsóknaraðferðir og rannsóknarferli sem viðhöfð eru í uppeldis- og menntunarfræðum. Nemendur eiga að öðlast færni í að vinna sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Þeir vinna eitt stórt rannsóknarverkefni og hafa nokkuð frjálsar hendur um val á viðfangsefni. Viðfangsefnin verða þó að varða uppeldisaðstæður barna og unglinga á einhvern hátt en þau geta verið af ýmsum toga t.d. nýjungar í námi og kennslu, barnaefni í fjöldmiðlum og efni fyrir unglinga, ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum, fötluð börn og ýmskonar áhættuþegðun barna og unglinga. Einnig geta nemendur dýpkað skilning sinn á efnisþáttum sem hafa verið til umfjöllunar í fyrri uppeldisfræðiáföngum. Mikilvægt er að nemendur komi fram með hugmyndir að viðfangsefnum og áhugi þeirra stýri valinu.

Í þessum áfanga er hægt að hafa samvinnu við nemendur í öðrum skólum á Íslandi eða erlendis. Nemendahópar geta haft samvinnu við verkefnaval, skipst á gögnum og borið saman aðstæður barna í ólíkum löndum, t.d. með notkun upplýsingatækni.

Markmið

Í þessum áfanga er mikilvægt að nemendur:

- setji sér markmið með verkefnavinnu, orði markmiðin og afmarki þannig viðfangsefni
- setji fram spurningar um ákveðið viðfangsefni, spurningar sem ekki leiða eingöngu til staðreynda heldur sýna mismunandi sjónarhorn
- flokki spurningar um viðfangsefni í efnisþætti og skipuleggi þannig uppbyggingu verkefnis
- geri raunhæfa tímaáætlun um verkefnavinnu
- sýni fram á sjálfstæði í vinnubrögðum
- taki þátt í hópvinnu þar sem reynir á samvinnu við skipulagningu, efnisöflun og úrvinnslu og sýni fram á vilja til lausnar ef upp kemur ágreiningur innan hópsins
- öðlist þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum uppeldis- og menntunarfræðinnar

Nánari upplýsingar um markmið er að finna á

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?>

[documentId=AC338D47D5130BE0002576F00058D4CA&action=openDocument](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=AC338D47D5130BE0002576F00058D4CA&action=openDocument) síðum 140-142.

Námsgögn

Allt það efni sem nemendur geta nýtt í verkefnavinnuna hvort sem er úr bókum, tímaritum, dagblöðum eða af netinu svo og niðurstöður eigin rannsókna.

Áætlun um yfirferð

1. Lota: Kynntar verða helstu rannsóknaraðferðir í uppeldis og menntunarfræðum.
2. Lota: Kynnt verður rannsóknarferli í félagsvísindum.
3. Lota: Farið verður í mikilvægi áreiðanlegra heimilda, trúverðugleiki skoðaður og skráning þeirra. Heimsótt verða bókasöfn á Akureyri og starfsemi þeirra kynnt.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Uppeldisaðstæður - verkefnaáfangi (UPP 303) Kennsluáætlun vorönn 2015	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

4. Lota: Nemendur velja sér viðfangsefni, afla gagna og skila kennara skipulagi fyrir verkefnavinnuna.
5. Lota: Nemendur vinna að völdu viðfangsefni.
6. Lota: Nemendur undirbúa kynningu, grein og vörn fyrir ráðstefnu.

Verkefni

Nemendur vinna eitt stórt verkefni. Þetta verkefni er hópavinna. Í upphafi þurfa nemendur að skila inn hugmynd að vinnuskipulagi hópsins. Hálfsmánaðarlega þurfa nemendur svo að gera grein fyrir vinnu síðustu tveggja vikna og hvernig það samræmist upphaflegu skipulagi. Þetta er gert í tímum þannig að kennari og samnemendur geti spurt og aðstoðað eftir atvikum. Þegar rannsókn og verkefni er lokið þarf að undirbúa kynningu, grein og vörn fyrir ráðstefnu.

Námsmat og vægi námsþátta í verkefni

Val á viðfangsefni og skipulag	10%
Fræðileg umfjöllun	10%
Heimildaskráning	10%
Málfar og stafsetning	10%
Spurningalisti, leyfi og úrvinnsla	20% eða ígildi spurningalista.
Uppsetning og frágangur	10%
Kynning og vörn	20%
Birting niðurstaðna á vef	10%

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils